

**Mál nr. 183/2013****M****og****vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu.****Gögn.**

84. Málskot, móttakið 16.5.2013, ásamt fylgigögnum.

85. Bréf X, dags. 24.5.2013, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Með tilkynningu, dags. 12.8.2008, til X tilkynnti M að hann hafi hlotið brot á báðum höndum hinn 31.7.2009 er hann hafi fallið af bifhjólum sem hann hafi verið að gera við. M mun hafa leitað samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknafréfi deildarinnar til heimilislæknis M segir að M hafi dottið af mótorkross og hafi trúlega flogið fram af því. Í málskoti til nefndarinnar er atvikum lýst á þann veg að M hafi orðið fyrir slysi þegar hann var að setja mótorkrosshjól á kerru til að gera við það. Hjólið hafi ekki verið í gangi og það sé ekki skráningarskyld.

X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 telst bifhjól m.a. vera vélknúð ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur, fjórum eða fleiri hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Samkvæmt sömu lagagrein telst torfærutæki m.a. vera vélknúð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Í gögnum málsins er ekki að finna nákvæma lýsingu á ökutæki því sem M var á er slysið varð. Þó verður að ætla að um hafi verið að ræða bifhjól eða torfærutæki samkvæmt þeim skilgreiningum sem að framan greinir. Í 1. mgr. 63. gr. ufl. er kveðið á um það að áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Með vísan til þessa ákvæðis verður að telja að M hafi fallið af skráningarskyldu vélknúðu ökutæki.

Samkvæmt gr. 4.3 í skilmálum X um frítímaslysatrygginguna greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða af völdum skráningarskylds vélknúðs ökutækis á Íslandi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hver tildrög slyssins voru. Í þeim efnum hefur M ekki gefið greinargóða lýsingu. Þó þykir mega slá föstu að það hafi verið af völdum bifhjólsins sem hann féll af og varð fyrir meiðslum. Slysið varð því af völdum atviks sem er undanþegið bótaskyldu úr slysatryggingunni. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.